



KÍSILMÁLMMVERKSMIÐJA PCC BAKKISILCON Á BAKKA VIÐ HÚSAVÍK

**Áætlun vegna rekstarstöðvunar, tímabundinnar eða
varanlegrar
2. útgáfa**


Júní 2017

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
1. INNGANGUR	4
2. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	5

INNGANGUR

PCC BakkiSilicon., kt. 450612-0140, Vallholtsvegi 3, 640 Húsavík, starfrækir verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmi ($\geq 98,5\%$ hreinn kísill (Si)) á iðnaðarsvæðinu á Bakka á Húsavík. Í fyrsta áfanga sem tekinn verður í notkun í lok árs 2017 verður framleiðslugetan um 36,000 tonn af kísilmálmi á ári verður allt 66.000 tonn þegar verksmiðjan er fullbyggð. Staðsetning kísilmálmverksmiðjunnar er um 2,0 km norðan við byggðina á Húsavík, sjá mynd 1 og 2.



Mynd 1 Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík, innan Norðurþings. Iðnaðarsvæðið á Bakka er nyrst á kortinu, sýnt með gráum lit. Lóð kísilmálmverksmiðju PCC BakkiSilicon er syðst á iðnaðarsvæðinu, vestan þjóðvegur, auðkennt með gulri brotalínu (kort úr aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030, Norðurþing, 2010).



Mynd 2 Líkan af kísilmálmverksmiðju PCC BakkiSilicon á Bakka við Húsavík, yfirflugsmýnd úr norðri (Ljósmynd Mats Wibe Lund).

1. INNGANGUR

Þessi skýrsla inniheldur áætlun PCC BakkiSilicon um tímabundna og varanlegra rekstarstöðvun kísilmálmverksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð á rekstartíma ef ástæða þykir vera til. Tímabundin rekstarstöðvun telst vera ef rekstur verksmiðjunnar er stöðvaður um tilgreint eða ótilgreint tímabil, en ákveðið er að hefja rekstur hennar aftur. Varanleg rekstarstöðvun telst vera ef ákveðið er að leggja starfsemi verksmiðjunnar niður.

Markmiðið með áætluninni er að lágmarka eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar.

Helstu efnispættir áætlunarinnar lúta að tímabundinni rekstarstöðvun. Sömu efnispættir gilda við varanlega rekstarstöðvun, en þá þarf einnig að huga að niðurtöku og frágangi verksmiðjunnar.

Að neðan er lýst atriðum í framkvæmd tímabundinnar rekstrarstöðvunar og er þar fylgt leiðbeininginum af vef Umhverfisstofnunar.

2. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

<i>Efnisþættir</i>	<i>Aðgerð</i>
Ákvörðun kynnt	<p>Ákvörðun um rekstrarstöðvun skal tilkynnt viðeigandi aðilum með eins miklum fyrirvara og unnt er. Eftirfarandi aðilar munu fá tilkynningu: Umhverfisstofnun, sveitarfélagið Norðurþing, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og hafnaryfirvöld á Húsavík.</p> <p>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar: Framkvæmdastjóri framleiðslu.</p> <p>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar: Forstjóri eða fulltrúi stjórnar/eiganda</p>
Verkefnaáætlun	<p>Áætlunin verður gerð í samráði við Umhverfisstofnun, sveitarfélagið Norðurþing, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og hafnaryfirvöld á Húsavík.</p> <p>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar: Framkvæmdastjóri framleiðslu</p> <p>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar: Forstjóri eða fulltrúi stjórnar/eiganda</p>
Úrgangur	<p>Allur fastur úrgangur og spilliefni á yfirborði lóðar verða fjarlægð og komið í viðurkennda meðhöndlun.</p> <p>Ábyrgð: Gæða- umhverfis- og öryggisstjóri</p>
Byggingar	<p>Gengið verður þannig frá byggingum að ekki sé hætt á að óviðkomandi aðilar hafi aðgang að þeim. Gengið verður frá vatni og ræsum þannig að ekki sé hætt á mengun og rafmagni þannig ekki sé hætt á íkveikju.</p> <p>Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Tæknisviðs</p>
Tæki	<p>Tækjum verður komið fyrir innan dyra eftir fremsta megni. Gengið verður þannig frá tækjum utan dyra að ekki stafi af þeim fohætta, né að þau valdi lýti eða hætt sé á mengun svo sem olíuleka.</p> <p>Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Tæknisviðs</p>
Lagnir	<p>Vatnslagnir og aðrar lagnir verða tæmdar.</p> <p>Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Tæknisviðs</p>
Hráefni, trjáskurl	<p>Hráefni verða fjarlægð eða gengið frá þeim þannig að ekki stafi af þeim hætt, svo sem fohætta.</p> <p>Ábyrgð: Framkvæmdastjóri framleiðslu.</p>
Efni og rekstarvörur/Olíur	<p>Öll efni, hreinsiefni, olíur, massar og hvað eina sem telst til efna og rekstarvara verður fjarlægð af staðnum og komið í notkun annarsstaðar eða fargað. Tryggt verður að engin úrgangsolía verði eftir á staðnum. Olíutankar og olíuskiljur verða tæmdir ef um varanlega stöðvun er að ræða, en metið verður hvort ástæða sé til þess ef um tímabundna stöðvun er að ræða.</p> <p>Ábyrgð: Gæða- umhverfis- og öryggisstjóri</p>
Frágangur á lóð	<p>Farið verður yfir lóð og allt sýnilegt rusl fjarlægð. Gengið verður snyrtilega frá tækjum og munum sem ekki verða fjarlægðir eða geymdir í byggingum.</p> <p>Komi til varanlegrar rekstrarstöðvunar kveður lóðarsamningur PCC BakkiSilicon og sveitarfélagsins Norðurþings á um niðurtöku bygginga og frágang lóðar.</p> <p>Ábyrgð: Framkvæmdastjóri tæknisviðs</p>
Annað	
Rekstrarstöðvun	<p>Þegar rekstur hefur verið stöðvaður (tímabundið eða varanlega) mun formleg tilkynning berast til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sveitarfélagsins Norðurþings, slökkviliðs, Orkuveitu Húsavíkur; Landsnets, Landsvirkjunar og hafnaryfirvalda á Húsavík.</p> <p>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar: Framkvæmdastjóri framleiðslu.</p> <p>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar: Forstjóri eða fulltrúi stjórnar/eiganda</p>